

Ár 1974, þriðjudaginn 26. nóvember, var í málinu nr. 3/1974 kveðinn upp af Yfirfasteignamatnefnd svohljóðandi

Á r s k u r ð u r :

Málavextir eru þeir, að Hvalfjarðarstrandarhreppur hefur krafist K.F.U.M. í Reykjavík um greiðslu fasteignsskatts til sveitarsjóða hreppsins af sumarbúðum félagsins í Vatnaskógi. Samkvæmt fasteignaskrá er þar um að ræða fasteign þá, sem hefur staðgr. 4600-0010 og er metin á samtals kr. 4.100.000,-. Matshlutar eru þessir:

"00 SUMARBÚSTLAND  
01 SUMARBÚÐIR  
02 VERKSTÆÐISHÚS  
03 VÉLANHÚS  
04 KAPELLA  
05 15 HÚS  
06 BORDSALUR OG FL  
07 GAMALT HÚS"

K. F.U.M. telur ofangreinda fasteign vera undanþögna fasteignaskatti og hefur í bréfi, dags. 24. júní 1974, leitað úrskurðar Yfirfasteignamatnefndar um málið. Hefur félagið lýft hagnýtingu fasteignarinnar á eftirfarandi hátt:

„Sumarbúðirnar eru starfræktar fyrir drangi og unglunga frá 10 ára aldri, mánuðina júní, júlí og ágúst hvert sumar og eru ekki og hafa ekki verið starfræktar í ágústaskyni, heldur miklu fremur byggðar upp af framlögum og sjálfbæstaxi félagsmanna. Starfsemi er háð eftirliti Barnaverndarráða Íslands. Önnur starfsemi fer þar ekki fram nema almennt kristilegt mót tvo daga í júní eða júlí og viku-námskeið fyrir ungt fólk í félaginu í september, hvorugt í ágústaskyni“.

Málið hefur verið sent hreppsnefnd Hvalfjarðarstrandarhrepps til umsagnar.

Samkvæmt ofangreindri lýsingu á nýtingu fasteignarinnar, sem er úgreiningslaus, verður að telja fasteignina njóta undanþágu frá fasteignaskatti, sbr. 1. mgr. 5. gr. laga nr. 3/1972 og 1-3. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1972 um fasteignaskatt. Af gögnum málsins kemur hins vegar fram, að fasteignin er einnig nýtt í þágu starfsfólks og ber því að greiða fasteignaskatt af henni í réttu hlutfalli við þau afnot, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 3/1972 og 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 320/1969. Á þessu stigi heyrir ekki undir Yfirfasteignamatnefnd að ákveða hlutfallslegu skiptingu matsverðs eignarinnar miðað við framangreind afnot, heldur millimatsmenn í Hvalfjarðarstrandarhreppi, sbr. 2. mgr. 6. gr. og meginreglu 8. gr. reglugerðar nr. 320/1972.

Ó R S K U R D A R O R D :

K.F.U.M. áftur andanþágu frá fasteignaskatti af ofangreindri  
fasteign, að því leyti sem hún er ekki notuð í þögu starfsfélka.

Gaukur Jörundsson

Torfi Ágveirsson

Páll Jónsson